20
27. júní

4. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Pjetur Jónsson.

21
27. júní

Lög

um

biskupskosningu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þegar biskupsembætti þjóðkirkjunnar losnar, skal það veitt samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Allir þjónandi prestar og prófastar þjóðkirkjunnar, sem og guðfræðiskennarar háskólans, tilnefna 3 menn sem biskupsefni, er rjett hafa til embætta í þjóðkirkjunni, í þeirri röð, er þeim þykir best við eiga.

3. gr.

Rjett kjörinn biskup er sá, sem fær $^3/_5$ atkvæða.

Nú fær enginn þann atkvæðafjölda, og skal embættið þá veitt þeim þeirra þriggja, er flest fengu atkvæðin, sem kirkjustjórnin telur best til þess fallinn.

4. gr.

Nánari reglur um kosninguna setur kirkjustjórnin.

21
27. júní

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Jón Magnússon.

Lög

22
27. júní

um

breyting á lögum nr. 54, 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfjelags fyrir fiskiskip.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

2. grein laganna orðist svo:

Vátryggingarfjelag það, sem stofnað var með lögum 30. júlí 1909 og nefnist Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og sem í lögum þessum er nefnt „Samábyrgðin", tekst á hendur:

a. Endurtrygging fyrir íslensk ábyrgðarfjelög skipa og báta, á helmingi eða alt að helmingi þess hluta af tryggingarhæfu verði skipa þeirra og báta, er fjelögin sjálf taka að sjer ábyrgð á.
b. Beina vátrygging á skipum og bátum.
c. Trygging á afla, veiðarfærum og útbúnaði, ef um algerðan skiptapa er að ræða.

Fjelagið tekur aðallega ábyrgð á þeim skipum og bátum, sem ætluð eru til fiskveiða eða flutninga við Ísland.